

Skólanámskrá

2023 – 2024



Nám og kennsla
6. bekkur

Umsjónarkennarar
Anika Rós Guðjónsdóttir
Kristbjörg Eyjólfsdóttir



Efnisyfirlit

















Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 6. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla	3
Námsmat.....	4
Lykilhæfni	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Íslenska.....	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Enska	8
Náttúrugreinar	9
Heimilisfræði.....	10
Hönnun og smíði	11
Myndlist	12
Textílmennt	12
Upplýsinga- og tæknimennt	13
Skólaípróttir.....	14
Áhugasviðsverkefni - val.....	15
Listir	16
Leiklist.....	16
Dans.....	17














Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 6. bekkjar eru Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir. Heimastofur eru 307 og 308. Stuðningfulltrúar eru xx og xx. Nemendur fá 35 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

-  Íþróttir – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir og Helga Hafsteinsdóttir
-  Sund – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir
-  Heimilisfræði – Kristbjörg Eyjólfsdóttir
-  Textílmennt – Helena Maria Guttesen
-  Hönnun og smíði – Bryndís Harpa Magnúsdóttir
-  Myndlist – Eric Hearn
-  Listir í smiðjum – Helena Maria Guttesen
-  Leiklist í smiðjum – Aron Gauti Kristinsson
-  Dans í smiðjum – Aron Gauti Kristinsson
-  Forritun í smiðjum – Inga Bjarney Óladóttir
-  Upplýsinga- og tæknimennt – Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.
-  Íslenska – Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.
-  Stærðfræði – Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.
-  Enska – Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.
-  Samfélagsfræði - Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.
-  Náttúrufræði - Anika Rós Guðjónsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir.

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 6. bekk

-  Íslenska – 6 stundir
-  Stærðfræði – 6 stundir
-  Samfélagsgreinar – 4 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 4 stundir
-  Enska – 2 stundir
-  Íþróttir/sund – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 4 stundir
-  Upplýsinga- og tæknimennt – 1 stund
-  Leiklist og listir – 2 stundir
-  ~~Tónmennt – 1 stund~~
-  Áhugasviðsverkefni /val – 2 stundir
- **Samtals: 35 stundir á viku**

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsinnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálsgast má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.







90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
105	155	175



Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáníng og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

-  Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
-  Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
-  Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
-  Á góðri leið ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
-  Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
-  Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Einnig er gefið í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D fyrir verkefni og próf.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 6. bekkjar eru heilsufar og sjúkdómar, ég og sjálfsmýndin, ofbeldi og birtingarmynd ofbeldis, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.



Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 5.-7. bekk í fjóra flokka; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern flokk fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.








Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýti við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðuleika upplýsinga.			
--	--	--	--



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.	Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.	Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.	Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.	Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.	Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.	Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.	Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.		





Kennsluefni og kennslugögn

-  Orðspor 2 - lesbók og vinnubók
-  Annar smellur
-  Söguskinna
-  Ertu Guð, afi
-  Frjálslestrarbækur
-  Ljósrit frá kennara
-  Orðabækur á netinu.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Unnið er með læsi í víðum skilningi þess orðs, meðal annars með heimalestri og lestri í skóla. Læsi er ekki einungis lestur á texta heldur læsi á umhverfi, aðstæður og atburði í daglegu lífi. Nemendur fá þjálfun í upplestri og lestri ásamt því að fá þjálfun í lesskilningi.
-  Námsaðlögun fer fram í formi einstaklingsvinnu og hópavinnu þar sem hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hæfni.

Námsmat

-  Yfirlitspróf í maí
-  Lesfimispróf í september, janúar og maí
-  Stafsetningar- og málfræðikannanir
-  Vinnubækur metnar í lok annar



- Bókmenntir - verkefni og ritgerð
- Fjögur lesskilningspróf á árinu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrjú flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.	Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.	Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.	Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
Rannsað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.	Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.	Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.
Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.	Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.	Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og bekkingu.	Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, töluforritum og skriflegum útreikningum.	Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl beirra.
Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.	Nýtt sér samhengi og tengsl reikniðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.	Rannsað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.	Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentna.	Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.	Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.	Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.	




Kennsluefni og kennslugögn

- Stika 2a Nemendabók og æfingahefti
- Stika 2b Nemendabók og æfingahefti
- Ítarefni fá kennara, reiknivél, gráðubogi og reglustika




Kennsluhættir og námsaðlögun

- Innlögn kennara fyrir nemendur einslega og í hópum.
- Útlistunarkennsla: Kennarinn leiðbeinir, miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga. Einstaklings- og hópavinna.



-  Nemendur vinna saman í hópum og þörum þar sem nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði í sínum verkum.
-  Notast verður við beina kennslu, sýnikennslu, hópavinnu, leiki og spil, samvinnunám og upplýsingatækni.
-  Námsefni verður aðlagð að þeim nemendum sem þess þurfa, færri/fleiri dæmi eða annað námsefni.

Námsmat

-  Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið. Talnalína tekin frá nóvember til janúar.
-  Yfirlitspróf í maí
-  Einkunn út frá bókstöfum í maí.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokkka: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.





Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.	Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.		
---	---	--	--

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.	Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.	Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.	Greint sambengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.	Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausn hátt.	Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.	Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsmæðu.	Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í sambengi við atburði daglegs lífs.	Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.	Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.	Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.	Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.	

Kennsluefni og kennslugögn

-  Frá Róm til Þingvalla - lesbók og vinnubók
-  Norðurlönd - lesbók og vinnubók
-  Sveitin
-  Kortabók



Fræðslumyndbönd

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga. Nemendur eru hvattir áfram í sjálfstæðri upplýsingaleit ásamt einstaklings- og hópaverkefnum. Auk þess að tjá skoðanir sínar á lýðræðislegum nótum. Nemendur nálgast lærdóminn í gegnum bækur, umræður og ígrundun. Viðfangsefnið er tengt við daglegt líf nemandans og samfélagsins. Fræðslumyndbönd verða notuð til þess að dýpka skilning.

Námsmat

Kannanir, verkefnabók, einstaklings- og hópverkefni auk frammistöðu í tímum.

Enska

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum í ensku skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi. Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur er ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.	Þjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.	Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.	Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.	Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.	Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.	Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.	Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
Skilið það mál sem notað er í kennslustofnunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.	Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.	Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Kennsluefni og kennslugögn

Yes we can 5 og 6 - lesbók og vinnubók

Ítarefni: Enskafræðiafingar B, námsleikir, leikið efni og tónlist

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennslan er skipulögð þannig að meginmarkmið og kjarnaefni er það sama fyrir allan bekkinn og er það gert með innlögnum, beinni kennslu, hlustun, verkefnavinnu, einstaklingsvinnu og



samvinnu. Einstakir nemendur geti unnið með það á mismunandi hátt, til dæmis hvað varðar hraða, efni og námshætti.

Námsmat

Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið. Fjölbreytt námsmat m.a. lesskilningskannanir, orðaforði, ritun, málfræðikannanir, hlustunarpróf og tímaverkefni. Lokaeinkunn í bókstöfum eftir hæfniviðmiðum skólaársins í maí.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 6. bekk

Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.	Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.	Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.	Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.	Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.	Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.	Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veða og meta ólíka kosti.
Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.	Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.	Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.	Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.	Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.	Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.
Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.	Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu.	Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.		

Kennsluefni og kennslugögn

- Maðurinn, hugur og heilsa - lesbók og vinnubók
- Náttúrulega 2 - lesbók og vinnubók
- Ljósrituð verkefni frá kennara
- Myndbönd námsefninu til stuðnings
- Ýmis áhöld fyrir tilraunavinnu



Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennarinn miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga. Kennari reynir að fá fram ólík rök og hugmyndir og reynir að fá nemendur til að draga eigin ályktanir. Sjálfstæð upplýsingaleit nemenda um tiltekið efni í námsefninu, sem þeir kynna sér. Hópavinna þar sem nemendur vinna að viðfangsefnum í tengslum við námsefnið

Námsmat

- Kannanir
- Vinnubók
- Hópverkefni
- Verklegar æfingar
- Umræðuverkefni

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.	Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.	Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.	Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsahöld.

Kennsluefni og kennslugögn

- Gott og gagnlegt 2 fyrir 6 bekk ásamt verkefnum og ljósrituðu efni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

Námsmat

- Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.



Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.	Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.	Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.	Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.	Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld.

Kennsluefni og kennslugögn

Efni af vef, handbækur og blöð

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annar
- Sýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir allt skólaárið og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni
- Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð
- Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum
- Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.
- Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd

Námsmat

- Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Áhugi og virkni verður metin:
 - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið- Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund



Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinnar verka og sett þau í það menningarlega sambandi sem þau voru sköpuð.	Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.	Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.
Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Lesefni:* The Osborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.
- Efni á netinu:* Mrs Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun.

Námsmat

- Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið námskeiðsins.
- Ábyrgð á umhverfi: Nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni
- Teikniblokkir: Veita nemendum tækifæri til að skrá hjá sér hugsanir sínar með teikningum, pári eða einföldu kroti og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfar nemendur í fínreyfingum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.





Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarnnar.	Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.	Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Unnið með einföld snið og uppskriftir.	Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.
Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.			


Kennsluefni og kennslugögn

-  Ljósrit, myndbönd, myndir og texti af veraldarvefnum. Ullargarn/bómullargarn og prjónar.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Áhersla á að nemendur vinni og læri á saumavél. Að nemendur læri undirstöðuatriði í prjóni.
-  Bein kennsla, hugmyndavinna, sköpun og spuni, lausnarleitar nám, tjáning og umræður.
-  Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrr fá aukaverkefni.
-  Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

-  Nemendur eru metnir út frá verklegum einstaklings verkefnum.

Upplýsinga- og tæknimennt


Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.


Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitadur um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.	Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.	Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.	Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.	Nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni á fjölbreyttan hátt.	Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.	Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.


Kennsluefni og kennslugögn

-  Nemendur fá kynningu á einföldum forritunartækjum, þjálfra fingrasetningu, leita upplýsinga á netinu, setja myndir í verkefni, vinna með Office svo sem Word og Powerpoint.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kennsla í formi innlagna og verklegra æfinga. Nemendur horfa á myndbönd eða hlusta á stutta fyrirlestra kennara um verkefni og vinna eftir leiðbeiningum.

Námsmat

-  Kennari fylgist með nemendum í tímum og gefur einkunn í lok hverrar lotu fyrir sig.

Skólaíþróttir


Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.





Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs líffernis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgeun og bjargað	Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.
Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.	Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.	Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.	Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.
Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreytti, lipurð og samhæfingu.	Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.	Útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.	

Kennsluefni og kennslugögn


-  Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun


-  Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
-  Kennari kennir nemendum ákveðna færni í hinum ýmsu æfingum svo námsmarkmið árgangsins náist. Síendurteknar æfingar með hliðsjón af námsmarkmiðunum eru lykillinn að því að þau náist.
-  Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrir mælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum.
-  Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.

Námsmat


Íþróttir – metin verður hæfni með: Framúrskrandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

-  Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Hlaupapróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, armbeygur og langstökk án atrennu.



-  Áhugi og virkni verður metin:
- Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Er mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið - Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni ekki náð - Sjaldan eða aldrei áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann líkur sundstigi á árinu.

-  Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti sex af átta hæfniþáttum í verklegum prófum til að ná 6. sundstigi.
1. 100 m bringusund, viðstöðulaust.
 2. 50 m skólabaksund.
 3. 25 m skriðsund.
 4. 25 m baksund.
 5. 25 m bringusund á tíma, lágmark 35.0 sek.
 6. 15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).
 7. 8 m kafsund.
 8. 10 m flugsund.
 9. Áhugi og virkni


Áhugasviðsverkefni - val

Hæfniviðmið


Nemendum á miðstigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólustarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega

Námsflokkar	Hæfniviðmið
Markmiðasetning	Nemendur setja sér markmið og fylgja hugmyndum sínum eftir
Vinnubrögð	Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð


Kennsluefni og kennslugögn

-  Eftir þörfum hvers og eins.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Nemendamiðuð kennsla. Kennari er í hlutverki aðstoðarmanns og nemandinn setur sér markmið og fylgir þeim eftir.

Námsmat

-  Lokið/ólokið: Metið verður í desember og maí en þá kynna nemendur verkefni sín. Vinnulag verður metið yfir skólaárið.



Listir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

- 🏠 Ýmsir vefir, tónlist, myndbönd, myndlistarvörur, s.s leir, strigi, spartsl. Litir, málning, skæri, pappír, listavagnar, tölvur/spjaldtölvur, spil og fl.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- 🏠 Umræður, verklagskennsla, þjálfun í skapandi, túlkandi og greinandi vinnubrögðum
- 🏠 Kveikja
- 🏠 Aðstoð við að raungera hugmyndir nemanda bæði í einstaklings og hópverkefnum
- 🏠 Verkefnavinna, bæði sjálfstæð og í hóp
- 🏠 Túlkun og miðlun á eigin verki og annarra
- 🏠 Kveikja og ígrundun á fyrri menningu og tengingu við menningu nútímans.

Námsmat

- 🏠 Sjálfstæði og skapandi hugsun
- 🏠 Frumkvæði og nýting á tíma
- 🏠 Frumleiki og vinnubrögð
- 🏠 Víkkun og útfærsla verkefnis
- 🏠 Fjallað um efnisfræði og þekkt hugtök listar
- 🏠 Samvinna, frumkvæði og þátttaka í hópavinnu
- 🏠 Útskýrt hvernig list og tilfinningar tengjast
- 🏠 Geti rökrætt hvaða hugmyndir eru á bakvið eigið verkefni
- 🏠 Gert grein fyrir tengingu verks við menningu og umhverfi hvers tíma sem við á
- 🏠 Gert grein fyrir áhrifum verksins á umhverfi og menningu

Leiklist

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir leiklist tengd sviðslistum. Markmiðið er að nemendur þjálfist í aðferðum leiklistar, fái tækifæri til að setja sig í spor annarra, auk þess að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.	Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.	Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).	Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.	Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.	Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.	Sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.
Rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í sambengi við eigið líf og samfélag.			

Dans

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir dans tengd sviðslistum. Markmiðið er að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind nemenda.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.	Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisissvenjum í dansi.	Rætt um dans út frá persónulegri upplifun.	Dansað grunnspor í paradönsum og einföldum þjóddönsum.
Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.	Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.	Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.	